



myndarinnar. Þá er fjölskyldulífið komið í rúst og allt bendir til, að hver fari í sína áttina. Joe notar þá síðasta þriðjung myndarinnar til að redda þeim málum og má ekki tæpara standa. Það er ekki fyrr en fimm sekúndum fyrir leikslok, að allt fellur í ljúfa lög, frammi fyrir æpandi skrilnum, og áhorfendur vikna.

Ekki veit ég hvað hefur vakið fyrir Alan Alda, þegar hann

Gvu hva ég er líbó!

Laugarásbíó:

Tæling Joe Tynan (*The Seduction of Joe Tynan*). Bandarísk, árgærd 1979. Handrit: Alan Alda. Leikendur: Alan Alda, Barbara Harris, Meryl



Kvikmyndir

eftir Guðlaug Bergmundsson

Streep, Melvyn Douglas. Leikstjóri: Jerry Schatzberg.

Joe Tynan er ungur öldunga-deildarþingmaður í Washington, og eins og svo margir á þeim bæ, á hann sér þann draum aðstæðna að ná á toppinn, auk þess sem hann leggur fram frumvarp til hjálpar atvinnulausum, svona rétt til að sýna lit.

Joe Tynan er frjálssyndur maður. Og hvernig kemst frjálssyndur maður áfram í stjórnmálum? Jú, hann er fremstur í flokki þeirra, sem berjast gegn því að náttúrulega tíma kynþáttaaðskilnaðar komist til aðstu valda og metorða.

Joe Tynan vinnur sem sagt eins og skepna, heldur framhjá konu sinni með aðstodastúlku sinni, og vanrækir fjölskylduna, sem býr einhvers staðar fyrir utan Washington. Joe Tynan er því ekki heima nema um helgar og þó ekki allan.


Joe Tynan tekst að koma í veg fyrir að svertingjahatarinn Anderson komist í hæstarétt, og tekur sú barátta tvo þriðju

sjöbissness og það vita allir, og ekki er Alda að deila á það, því Joe Tynan tekur þátt í þeim leik á fullu. Hins vegar er kultúrleysi hins nýja ameríska þingmanns sýnt á afar skemmtilegan hátt. Melvyn heitinn Douglas leikur hér gamlan skrögg, hálfbruglaðan að því er höfundar myndarinnar vilja meina, sem á það til að slá um sig með tilvitnunum í franska klassíkera. Að sjálfsgöðu skilja hinir ekki bofs og hrista bara hausinn.

Að hætta standardframleiðslu frá Hollywood er ekki hægt að setja neitt út á tæknilegu hliðina, nema hvað allt er óskaplega ófrumlegt í alla staði.

Eins og með fleiri amerískar myndir, á ég bágt með að sjá hvaða tilgangi hún þjónar utan heimalandsins. Hún er aðeins fallegur spegill fyrir amerísku þjóðina, sem segir við sjálfa sig: Ferlega erum við liberal að stöðva helvitis negrahatarana.

Svo vita þeir náttúrulega ekkert hvað er að gerast við bakdyrnar. —GB



Steinunn og Draumurinn: útfærsla verksins birtist henni í draumi.

Steinunn Þórarinsdóttir sýnir á Kjarvalsstöðum:

UM MANNINN, SAMSKIPTI OG SAMSKIPTALEYSI

Steinunn Þórarinsdóttir myndlistarmaður hefur hreiðrað um sig í gömlu reidhjólaverkstæði, þar sem hún hefur dundað við eins konar höggmyndagerð á undanförunum mánuðum. Af raksturinn af vinnu sinni ætlar hún svo að sýna á Kjarvalsstöðum og opnar sýningu hennar á laugardag. Þetta er önnur einka-

sýning Steinunnar, en sú fyrri var haldin í Suðurgötu 7 árið 1979.

Helgarpóstsmenn litu inn til Steinunnar í vikunni og var hún fyrst beðin að segja frá sýningunni.

„Ég verð með ellefu verk á sýningunni og þau eru öll tengd þemanu um manninn“, sagði hún. „Þetta eru verk um manninn sem einstakling, einnig um samskipti hans við annað fólk, og samskiptaleysi.“

Mörg verkanna í Suðurgötunni voru um mig. Þessi eru það líka, en í vörðum sambengi. Sum þeirra eru þó mjög persónuleg.

Ég hef unnið þessi verk á und-

anförunum sex eða sjö mánuðum og hef ekki gert annað síðastliðna fjóra mánuði.“

Verk Steinunnar eru aðallega unnin úr leir, sem hún mótar á vinnustofu sinni, en aðstöðu til hrábrennslu hefur hún annars staðar í bænum. Endanleg brennsla fer hins vegar fram í ofni í garðinum heima hjá henni. Auk leirsins notar hún svo gips, dálítið af járn og gleri og ýmsa aðskotahluti. Hún segist mundu vilja nota gler meira en hún gerir, en það sé erfitt vegna aðstöðunnar.

Mennirnir í myndum Steinunnar eru gjarna með alls kyns rör og virnet og mæla á líkamnum og virðast því ekki gefa sérlega upplifandi mynd af mannskeppunni. Steinunn segir þó, að hún liti ekkert endilega á verk sín sem depressíf. „Ég held að það fari eftir því hvernig þú skoðar þau“, sagði hún.

En hvers vegna er henni samskiptaleysi milli manna svona hugleikið?

„Af því, að mér finnst það orðið svo áberandi í seinni tíð. Ég held, að ég sé ekki að halda fram, að þetta þurfi að vera svona, heldur að það þurfi það ekki. En auðvitað er þetta ekki alltaf svo, því maður ykir í þessum úrfærslum.“

—Hafa þessi verk þin eitthvað hjálpað þér sjálfri?

„Maður fær alltaf vissa útrás

VIGDÍS Í ASÍ

Listasafn alþýðu hefur nú sett upp sýningu á verkum Vigdísar Kristjánsdóttur vefara, en hún lést snemma á síðasta ári, þá 76 ára gömul. Umsjón með sýningunni hefur haft Hrafnhildur Schram listfræðingur og er hún öll hin vandaðasta. Nær 40 verk þrýða veggja safnsins, auk

Á þessu tímabili sýnir Vigdís bæði heima og erlendis, fer í kynnisferðir til fjölmargra landa og stundar málalari og vefnað jöfnum höndum. Af helstu sýningum á verkum hennar má nefna; einkasýningu í Sýningarsalnum að Hverfisgötu 8-10, 1958, yfirlitssýningu í



Myndlist

eftir Halldór Björn Runólfsson

vinnuteikninga. Þá er brugðið upp á skerm æviatriðum og listferli Vigdísar, en hún fékk snemma áhuga á myndlist.

Á árunum 1920-24 stundaði Vigdís myndlistarnám í Reykjavík og var það í kvöldskóla Stefáns Eiríkssonar og Ríkharðs Jónssonar. Þá sótti hún tíma í ollumálun hjá Guðmundi Thorsteinssyni (Muggi), síðasta árið sem hann kenndi. 1926 tók hún þátt í Samsýningu íslenskra listamanna í Reykjavík og 1930 sýndi hún vefnaðarverk á Heimilisíðnaðarsýningu sem haldin var í höfuðborginni.

Tvær greinar lista togubust á í lífi Vigdísar og 1930 hefur hún nám í pianóleik við Tónlistarskólann í Reykjavík og heldur síðan til Þýskalands. Þar dvaldi hún í eitt ár við tónlistarnám, en stundaði jafnframt myndlist sína. Í byrjun fimmta áratugarins innritast hún í Handbúa- og myndlistarskólann og lýkur þáan teiknikennaraprófi árið 1945. Þá heldur hún til Kaupmannahafnar, á Konunglega Akademið og dvelur í 6 ár við nám hjá Kræsten Iversen og síðan nemur hún myndvefnað við Statens Kvinnelige Industri-skole í Osló (1953-55).

tílefi af 65 ára afmæli listakonunnar (Bogasal Þjóðminjasafnsins, 1969) og „Norran vefjalist“ á listahátíð 1974.

Vigdís hafði að baki óvenju litríkan listferil og átti ekki auðvelt með að gera upp á milli hinna ýmsu greina. Tónlistin átti tökk í henni og erfitt var að velja milli vefnaðar og málalari. Þó er margt sem bendir til þess, að hún hafi valið réttilega listvefnaðinn. Það sést best á þessari yfirlitssýningu í Listasafni ASÍ.


Næmt auga Vigdísar fyrir fingerdum hlutum, spröttum úr náttúrunni, þjóðsögum og ævintýrum, virðist mér hafa fundið sig einkar vel í myndvefnaði, þar sem margslungnir og blæbrigðar líkir þæðir ná að tjá romantíska lífsýn hennar. Vigdís mun sjaldan hafa gert sig ánægða með þá líti einvörðungu, sem fengust á venjulegum markaði, enda var hún brautryðjandi í jurtaletun vefbands. Þannig jók hún til muna litbrigði verka sinna og færði þau nær náttúrunni, sem hún var jafnan í náinni snertingu við.

Ég tel að á því leiki enginn vafi, að líta- og efnisvali Vigdísar,

ar, uppbyggingu verka hennar og úrvinnslu, hafi betur hentað vefnaður en málalari. Þar fann hún ólíkar lausnir á aðskiljanlegustu vandamálum listjónangar sinnar og notaði ýmsa kosti s.s. myndvefnað, krossvefnað og röggvefnað.

Þegar sýningin er athuguð, sést vel að Vigdís hefur farið eigin leiðir í list sinni. Fátt bendir til þess, að hún hafi orðið fyrir miklum áhrifum frá þeim stefnum, sem eftar voru á baugi í heimslístinu. Hvergi er að sjá neina togstreitu milli óhlutbundinnar og figúratívrar listar í verkum hennar. Hún notar alls konar stilbrigði jöfnu höndum, án þess að myndir hennar tapi nokkru sinni persónulegum blæ.

List Vigdísar ber vott um djúpa virðingu fyrir gróandnum, öllu því sem hrærist, hvort heldur er í náttúrunni eða sögu þjóðarinnar. Með þessari sýningu gefst nýrri kynslóð tækifæri á að kynnast verkum þessarar sérstæðu listakonu.



„List Vigdísar ber vott um djúpa virðingu fyrir gróandnum“, segir Halldór Björn um sýningu Vigdísar.



Hjálmar H. Ragnarsson stjórnar Háskólakórnum af miklum móð.

Háskólakórinn til Írlands

Háskólakórinn stendur í stórræðum um þessar mundir. Um þessa helgi heldur hann þrenna tónleika í Félagsstofnun stúdenta við Hringbraut. Fyrstu tónleikarnir eru í kvöld, föstudag, kl. 20.30, aðrir tónleikar á morgun kl. 17.00 og loks á sunnudag kl. 20.30. Stjórnandi kórsins er Hjálmar H. Ragnarsson tónskáld.

„Þetta eru tónleikar með íslenskri tónlist eingöngu“, sagði hann í samtali við Helgarpóstin. „Öll verkin, utan tvisöngvanna, eru yngri en tíu ára, og þjóðlagasetningararnir eru frá þessu ári. Sum verkin eru frá því í febrúar og þess vegna alveg blaut úr þennanum.“

En það eru ekki eingöngu þessir tónleikar sem biða kórsins, því hann er senn á förum til Írlands, þar sem sungið verður í öllum helstu borgum og háskólum landsins. Auk þess mun kórinn koma fram í útvarpi og kynna íslenska tónlist og íslenskt tónlistarlíf. Efnisskrá tónleikanna ytra verður hin sama og verður á tónleikum um þessa helgi.

Kórinn heldur utan himn 4. mars og verður dvalið á Írlandi í eina

viku. Kórfélagar hafa að mestu leyti sjálfir aflað fjár til ferðarinnar með alls kyns fjáröflunaraðgerðum. Gefin voru út styrktarkort og auglýsingablað með menningarlegu efni. Auk þess fengust styrkir frá menntamálaráðuneyti, borgarráði og háskólunum.

Efnisskrá tónleikanna í Félagsstofnun stúdenta er mjög fjölbreytt. Þar er að finna íslensk þjóðlög, tvisöngva úr þjóðlagasafni Sr. Bjarna Þorsteinssonar, og önnur þjóðlög, sem Hjálmar H. Ragnarsson hefur útsétt. Útsetningar þessar hafa ekki áður heyrst opinberlega. Önnur verk eru; Heyr hinna smiður eftir Þorkel Sigurbjörnsson, Gamalt vers eftir Hjálmar H. Ragnarsson, Tvö kórlög í minningu Benjamins Britens eftir Atla Heimi Sveinsson, og er það frumflutningur, A þessari rimlausu skuggöld eftir Jón Asgeirsson, Fimm mansöngvar úr Kantötu IV eftir Jónas Tómasson, Tveir madrigalar eftir Atla Heimi og Corda Exotica eftir Hjálmar H. Ragnarsson, og er þetta frumflutningur verksins.